

Skipulags- og umhverfisfulltrúi  
Fljótshálsa  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 15. febrúar 2016  
UST201601-149/K.S.J.  
10.04.02

**Efni: Tillaga að breyttu aðalskipulagi Fljótshálsa 2008 – 2028, flugvallarsvæði Egilsstaðarflugvallar.**

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Fljótshálsa er barst 19. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Fljótshálsa vegna stækkunar á flugvallarsvæði Egilsstaðarflugvallar.

Í erindinu kemur fram að lögð er fram tillaga á vinnslustigi að breyttu aðalskipulagi Fljótshálsa 2008 – 2028 vegna stækkunar á flugvallarsvæði Egilsstaðarflugvallar.


Í greinargerð kemur fram að lögð hefur verið fram áfangaskipt tillaga um stækkun athafnasvæðis fyrir flugvélar og tengda þjónustu norðan núverandi flugvallarbygginga.


**Umhverfismat**

Í umfjöllun um mat á líklegum umhverfisáhrifum kemur fram að í tillögunni sé gert ráð fyrir að 50 metra belti meðfram vesturbakka Eyvindarár verði óskert. Umhverfisstofnun tekur undir þá áætlun.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu á vinnslustigi.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur